



Starfshópur um skipulag og starfsumhverfi leikskóla í Ísafjarðarbæ

Inngangur

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2023 að stofna starfshóp um skipulag og starfsumhverfi leikskóla í Ísafjarðarbæ. Starfshópurinn fékk eftirfarandi verkefni samkvæmt erindisbréfi:

- Greina núverandi stöðu leikskólastarfs með tilliti til gæða faglegs starfs, starfsánægju og stöðugleika í starfsumhverfi bæði barna og starfsfólks.
- Skoða nýtingu leikskólaplássna og meta mögulegar leiðir til breytinga á núverandi skipulagi leikskólastarfs.
- Greina íbúafjölda með tilliti til fjölgunar barna frá 12 mánaða í Ísafjarðarbæ næstu fimm árin, með tilliti til núverandi innviða.
- Útfæra og sammælast um tillögur sem lagðar verða fyrir skóla-, íþrótt-, og tómstundanefnd Ísafjarðarbæjar.

Fulltrúar í starfshóp:

Finney Raket Árnadóttir, fulltrúi skóla-, íþrótt- og tómstundanevndar
Nanný Arna Guðmundsdóttir, fulltrúi skóla-, íþrótt- og tómstundanevndar
Helga Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi leikskólastjórnenda Ísafjarðarbæjar
Hildur Sólmundsdóttir, fulltrúi leikskólakennara Ísafjarðarbæjar
Sigríður Brynja Friðriksdóttir, fulltrúi starfsfólks leikskóla
Katrín Halla Gylfadóttir, fulltrúi foreldra
Tara Óðinsdóttir, fulltrúi foreldra

Starfsmenn skóla- og tómstundasviðs voru Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Starfshópurinn fundaði alls fimm sinnum en fyrsti fundurinn var haldinn þann 25. janúar 2024. Hópurinn hefur víðað að sér margskonar upplýsingum, helst má þar nefna samantekt á gögnum frá Ísafjarðarbæ og öðrum sveitarfélögum til samanburðar. Víðað hafa sveitarfélög skipað sambærilega starfshópa sem hafa skilað frá sér tillögum. Starfshópurinn studdist meðal annars við upplýsingar frá þeim.

Staða leikskólamála

Í leikskólum skal hafa velferð og hag barna að leiðarljósi í öllu sem þar er gert. Starfshópurinn ákvað á sínum fyrsta fundi að setja þarfir barnanna í fyrsta sæti við gerð tillagna og að finna varanlega lausn á þeim vanda sem steðjar að starfsemi leikskóla í dag. Þar má helst nefna:

- Langan dvalartíma barna.
- Erfiðleika við að manna leikskólana
- Viðvarandi álag á starfsfólk og börn
- Háa veikindatíðni starfsfólks

- Erfiðleika starfsfólks við að nýta lögbundna orlofsdaga sína
- Flutning starfsfólks á milli skólastiga

Ísafjarðarbær greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum bæjarins. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum. Kostnaðarhlutfall foreldra er í dag um 10% af raunkostnaði við að hafa barn í fullri dvöl á leikskóla.

Starfsmannavelta á leikskólum

Á árinu 2023 voru 56 stöðugildi áætluð á þeim fimm leikskólum sem Ísafjarðarbær rekur en á sama tíma hættu alls 32 starfsmenn á leikskólunum. Þegar störf í leikskólum eru auglýst eru umsóknir fáar sem þýðir að leikskólastjórar þurfa að verja miklum tíma í að finna fólk til að manna leikskólann. Stundum tekst ekki að manna störfin sem þýðir meira álag á aðra starfsmenn en dæmi um þetta er leikskólinn Tjarnarbær sem hefur nú verið undirmannaður í á annað ár.

Vinnustytting, orlof og undirbúningstími kennara

Á síðastliðnum árum hafa orðið miklar breytingar í starfsumhverfi leikskóla vegna nýrra kjarasamninga. Má þar helst nefna eftirfarandi atriði:

- Vinnustytting starfsmanna sveitarfélaga tók gildi 1. janúar 2021 og ákvað Ísafjarðarbær að fara strax í fulla styttingu eða fjórar klukkustundir á viku miðað við 100% starf. Vinnustyttingunni átti ekki að fylgja neinn auka kostnaður samkvæmt kjarasamningum og því var ekki gert ráð fyrir afleysingu vegna hennar. Starfsfólk leikskóla er almennt ánægt með vinnustyttingunna en henni fylgir þó auka álag, sérstaklega þegar vantar mannskap, til dæmis vegna veikinda eða orlofstöku starfsmanna. Þrátt fyrir almenna ánægju með vinnustyttinguna samsvarar hún um tveimur stöðugildum á leikskólanum Sólborg eða 10% af heildarvinnutíma starfsfólks þar.
- Orlofsréttur starfsmanns sveitarfélags í fullu starfi nemur 30 dögum á ári. Leikskólar á Ísafirði og Suðureyri loka í 20 daga yfir sumarið en í 25 daga á Flateyri og Þingeyri. Ekki eru fleiri lokunardagar þar sem starfsfólk leikskóla getur nýtt orlofið sitt, fyrir utan hálfan dag á aðfangadag. Þetta þýðir að á 20 starfsmanna leikskóla eins og Sólborg á starfsfólk samtals inni 200 daga í orlof sem þarf að nýta á opnunartíma leikskólans. Opnunardagar eru 220 árið 2024. Í fámennari leikskólum munar enn meira um hvern starfsmann og því er snúið að finna tíma fyrir þá til að taka orlofið sitt. Á Laufási eru um sjö stöðugildi sem þýðir að út af standa 35 orlofsdagar sem aðeins er hægt að taka ef leikskólinn er fullmannaður.
- Vikulegur, kjarasamningsbundinn undirbúningstími leikskólakennara jókst úr fjórum klukkustundum í sjö árið 2020, úr fimm klukkustundum í tíu hjá deildarstjórum og úr tveimur í fjórar klukkustundir hjá háskólamenntuðum starfsmönnum. Í leikskólalíkani Ísafjarðarbæjar sem áætla fjölda starfsmanna í hverjum leikskóla er gert ráð fyrir afleysingu inn á deildirnar vegna kjarasamningsbundins undirbúningstíma. Ef undirbúningstími er ekki veittur þarf að greiða starfsmönnum yfirvinnu til að sinna honum utan vinnutíma.

Veikindi starfsmanna og álag

Álag á starfsfólki leikskóla hefur aukist á undanförunum árum og samhlíða því fjölgar veikinda-dögum þeirra. Í könnun á starfsumhverfi sem send var á alla starfsmenn Ísafjarðarbæjar haustið 2023 kom í ljós að starfsfólk leikskóla Ísafjarðarbæjar upplifir mikið álag í sínu starfi og telur það álagið vera ástæðuna fyrir aukinni starfsmannaveltu í leikskólum. Þegar mikil

starfsmannavelta er á vinnustað skapar það frekara álag sem ýtir undir veikindi starfsfólks. Veikindadagar voru að meðaltali 23 á hvert stöðugildi árið 2023, samtals 939 dagar.

Dvalartími barna í leikskólum

Íslensk börn eru með lengstu viðveru í leikskólum í samanburði við önnur lönd innan OECD. Börn eru viðkvæmur hópur í samfélaginu og er allt of sjaldgæft að hagsmunir þeirra séu hafðir að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar varðandi þjónustu við þau. Á sama tíma og samfélagið keppist við að stytta vinnuviku fullorðinna niður í 36 klukkustundir á viku eru leikskólabörn enn með fulla leikskóladvöl eða 40-40,5 klukkustundir á viku. Um 90% leikskólabarna dvelja átta klukkustundir eða lengur í leikskóla á dag. Yngstu börnin, 12-16 mánaða leikskólabörn, eru sérstaklega viðkvæmur hópur sem þolir misvel álagið við að vera á leikskóla átta klukkustundir á dag. Er það almennt mat starfsfólks leikskóla í Ísafjarðarbæ að úthald þeirra sé búið seinni part dags.

Tillögur um skipulag og starfsumhverfi leikskóla

Markmiðið með tillögum starfshópsins er að tryggja velferð og vellíðan leikskólabarna og starfsfólks leikskóla. Lögð var áhersla á að finna leiðir til að draga úr álaginu og að gera starfsumhverfi leikskóla meira aðlaðandi.

Starfshópurinn vildi finna leiðir til að tryggja meiri stöðugleika í leikskólaumhverfinu, þar sem starfsfólk getur nýtt kjarasamningsbundið orlof, undirbúningstíma og vinnustyttingu án þess að það bitni á starfinu.

Tillögur starfshópsins eru eftirfarandi:

1. Lækkun gjaldskrár leikskóla

Lagt er til að dvalargjald frá kl. 8:00-14:00 lækki um 3% en gjaldskráin haldi sér að öðru leyti. Gjald fyrir umfram tíma fyrir kl. 8:00 og eftir kl. 16:00 verður áfram dýrasti tíminn.

Dæmi: Mánaðargjöld fyrir 40 klukkustunda dvöl á viku eru 47.380 kr. og fyrir 30 klukkustunda dvöl á viku eru 34.310 kr. Munurinn eru 143.770 kr. á ári.

Vonir standa til að þessi breyting verði til þess að foreldrar og forráðamenn endurskoði dvalartíma barna sinna og nýti aðeins þann tíma sem þeir þurfa. Mikilvægt er að fjölskylduvænar umbætur eins og vinnustytting skili sér til barna með styttri dvalartíma á leikskóla. Þannig geta foreldrar aukið farsæld barna. Styttri dvalartími á leikskóla hefur jákvæð áhrif á leikskólabörn og skólastarfið enda minnkar hann álagið á bæði börn og starfsfólk.

Kostnaður: Þessi breyting þýðir að leikskólagjöld geta lækkað um allt að 35% ef foreldrar minnka dvalartíma barna sinna í takt við vinnustyttingu. Á sama tíma lækka tekjur allra leikskóla samtals um tæplega 700 þúsund krónur. Ef þessi breyting verður til þess að foreldrar eða forráðamenn endurskoða dvalartíma barna sinna myndi það gefa starfsfólki aukinn tíma til að sinna undirbúningi og taka út vinnustyttingu. Þetta gæti líka þýtt að hægt yrði að draga úr afleysingu sem myndi fljótt draga niður launakostnað leikskóla. Allt þetta myndi draga úr - álagi á börn og starfsmenn.

2. Skráningardagar í leikskólum Ísafjarðarbæjar

Lagt er til að teknir verði upp skráningardagar og lokunardögum fjölgað um fimm. Á skráningardögum þurfa foreldrar að skrá börnin sín ef þeir ætla nýta þann dag. Reynslan hefur sýnt að fjölskyldur fara saman í frí á öllum tímum ársins, sérstaklega þegar grunnskólar eru lokaðir. Þá daga mæta færri börn í leikskóla en gert var ráð fyrir og því ekki fyrrséð að hægt sé að

hafa fleiri starfsmenn í orlofi. Jafnframt hefur verið mikil matarsóun þá daga sem vantar mörg börn. Með skráningar- og lokunardögum getur fleira starfsfólk leikskóla nýtt orlof, sinnt undirbúningi eða tekið út vinnustyttingu. Á skráningardögum eru því leikskólar mannaðir samkvæmt raunverulegri þörf. Auðvelt reynist að skipuleggja starfsemi leikskóla og aðgerðin stuðlar að betri vinnutíma og starfsumhverfi.

Markmið:

- Skilgreina þjónustu sem veitt er í leikskólum Ísafjarðarbæjar og foreldrar greiða fyrir með föstu mánaðargjaldi.
- Festa niður ákveðinn fjölda skóladaga á ári eins og gert er í grunnskólum og hefur verið að ryðja sér rúms í leikskólum, það eru 204 (205 á hlaupári) skóladagar/kennsludagar. Skráningardagar teljast ekki sem skóladagar. Gert er ráð fyrir viðveru kennara á skráningardögum en starfsemi eldhúss verður í lágmarki.

Í dag eru samþykktir lokunardagar á skóladagatali:

- 20 dagar í sumarlokun. 25 dagar í fámennum skólum.
- Fimm námskeiðs- og skipulagsdagar.
- 20 klukkustundir vegna starfsmannafunda, sem dreifast milli mánaða.

Útfærsla:

- Fimm fastir lokunardagar. Einn dagur í haustfrí, einn milli jóla og nýárs, einn virkur dagur á nýju ári og tveir frjálsir sem leikskólarnir ráða sjálfir en skal samræma milli skólastiga.
- 6-10 skráningardagar, fer eftir hvernig jólin raðast á hverju ári. Á þessum dögum þarf að skrá börn sérstaklega í leikskólann, annars er litið svo á að þau séu í fríi. Skráningardagar eru tilgreindir í skóladagatali og leikskólastjóri tilkynnir þá sérstaklega áður en til þeirra kemur.

Skráningardagar yrðu sérmerktir í skóladagatali: Einn til fjórir dagar í kringum jól og áramót, einn dagur þegar haustfrí eru í grunnskólum, tveir dagar þegar vetrarfrí eru í grunnskólum og þrír í kringum páska. Foreldrar þurfa að óska sérstaklega eftir skóladvöl þessa daga með þriggja vikna fyrirvara. Greitt er sérstaklega fyrir þessa daga og er gjaldið 2.696 kr. fyrir hvern skráningardag. Ekki kemur til endurgreiðslu á þeim skráningardögum sem foreldrar kjósa að nota ekki, enda ekki gert ráð fyrir þeim í talningu skóladaga.

Kostnaður: Þessi breyting mun leiða til þess að dvalartími barna á leikskólum styttest yfir árið. Starfsfólk getur nýtt orlof, tekið út vinnustyttingu og unnið að undirbúningsvinnu sem getur leitt til aukinnar starfsánægju. Þar sem skráningardagar munu kosta aukalega munu tekjur hækka óverulega. Áætlað er að launakostnaður vegna afleysingar muni lækka sem nemur hálfu stöðugildi starfsmanns sem sinnir afleysingu, um það bil 5 m.kr. á ári.

3. Dvalartími barna 12-16 mánaða

Lagt er til að setja þak á dvalartíma barna 12-16 mánaða þannig að skóladegi þeirra ljúki kl. 15:00 óháð því hvenær hann hófst. Ljóst er að yngstu börnunum fylgir mesta álagið og er það reynsla starfsfólks leikskóla að langur skóladagur sé þeim íþyngjandi.

Kostnaður: Breyting af þessu tagi mun bæta líðan yngstu leikskólabarnanna og má líta á hana sem snemmtæka íhlutun á tímum þar sem kvíði og vanlíðan barna er að aukast. Tekjur vegna leikskólagjalda munu minnka sem nemur um 750.000 kr. Hins vegar eykur þetta svig-

rúm fyrir starfsfólk leikskóla til að sinna undirbúningi og þá verður minni þörf fyrir afleysingu, en mesta þörfin er hjá þessum aldurshópi.

4. Framtíðarskipulag leikskólamála og bygginga í Ísafjarðarbæ með hliðsjón af mannfjöldaspá

Ljóst er að samkvæmt mannfjöldaspá fyrir Ísafjarðarbæ mun myndast þörf fyrir fleiri leikskóla-pláss en eru í boði í dag.

Lagt er til að tekin verði ákvörðun að hálfu bæjaryfirvalda um framtíðarskipulag í kringum Sólborg með tilliti til stækkunar og þann kostnað sem það felur í sér.

Starfhópurinn skoðaði einnig möguleika á að hafa gjaldfrjálsan leikskóla frá kl. 8:00-14:00. Starfhópurinn telur að skoða þurfi þann möguleika þegar reynsla er komin hjá þeim sveitarfélögum sem farið hafa þá leið. Þó er vitað að starfsánægja hefur aukist, álag minnkað og börn eru ekki send heim vegna manneklu.

Tillögur starfshópsins ættu ekki að fela ekki í sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélagið. Jafnvel gæti er í þeim möguleiki á lækkun launakostnaðar vegna afleysinga vegna orlofstöku og/eða undirbúnings starfsmanna ef til fjölgunar lokunar- og skráningadaga kemur.